



FVSA

FÉLAG VERSLUNAR -
OG SKRIFSTOFUFÓLKS
AKUREYRI OG NÁGRENNI

FÉLAGSBLAÐ

1. TBL. 37. ÁRG. 2023



ORLOFSHÚS

ÚTHLUTUN
UMSÓKNARFRESTUR
ORLOFSSTYRKIR

KROSSGÁTA

FRÆÐSLA

MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU:

Ólst upp í torfbæ

Viðtal við Önnu Mariu Elíasdóttur,
fráfarandi stjórnarmann bls. 4

Trúnaðarmaðurinn

Gestur Gunnar Björnsson um
hlutverk trúnaðarmannsins bls. 7

Heilsueflandi styrkir

Upphæðir styrkja úr Sjúkrasjóði
hækkuðu um áramót bls. 10



VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR!

Félagsfólki er ávallt velkomið að fá aðstoð varðandi réttindi sín á skrifstofu félagsins.

Opnunartími á skrifstofu, Skipagötu 14, 3. hæð:

Mánudaga til fimmtudaga kl. 08:00 til 16:00

Föstudaga kl. 08:00 til 13:00

 S: 455-1050

 fvsa_stettarfelag

 fvsa@fvsa.is

 fvsastettarfelag

 www.fvsa.is

STJÓRN OG TRÚNAÐARRÁÐ 2023-2024

Stjórn félagsins

Eiður Stefánsson - FVSA
Claudia Lobindzus - Thula, Nordic Source
Hulda Björnsdóttir - Heimilistæki/Tölvulistinn
Halldór Óli Kjartansson - Markaðsstofa Norðurlands
Agnes Reykdal - BYKO

Varastjórn

Stefán Jónsson - Rafeyri
Bryndís Björk Barkardóttir - Enor
Jón Grétar Rögnvaldsson - Penninn

Trúnaðarráð til eins árs valið af uppstillingarnefnd

Helga Eymundsdóttir - Blikkrás
Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen - Kjörbúðin Ólafsfirði
Kristín Hilmarsdóttir - Stapi
Lára Pálína Jónsdóttir - Olís við Tryggvabraut
Signý Sigurðardóttir - Álnabær

Til vara

H. Heimir Geirdal Jónasson - Nettó Glerártorgi
Hjálmar Pálsson - Hnýfill ehf.
Hlaðgerður Þóra Viðarsdóttir - Bakaríð við Brúna
Logi Birgisson - Bónus Naustahverfi
Pála Dröfn Sigurðardóttir - Höldur

Trúnaðarráð til eins árs, valið af trúnaðarmönnum

Anna Hafdís Jóhannesdóttir - Kjörbúðin Dalvík
Anna Petra L. Torbjörnsdóttir - Rúmfatalagerinn
Elín Anna Guðmundsdóttir - VÍS
Gestur Gunnar Björnsson - N1 Hörgárbraut og Leira
Guðlaug Kristjánsdóttir - Klettur
Helga Guðrún Pálsdóttir - Nettó Glerártorgi
Örn Viðar Birgisson - BYKO
Sirrý Laxdal - Akureyri Berjaya Iceland Hotel

Til vara

Halldóra Konráðsdóttir - Grófargil
Hanna Sigríður Magnþórsdóttir - Bónus Langholti
Hannes Heiðar Þórólfsson - ELKO
Ragnar Már Heinesen - Icelandair

Ábyrgðaraðili: Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. **Ritstjórn og umbrot:** María Rut Dýrfjörð.
Forsíðumynd: Daníel Starrason. **Prentun:** Prentmet Oddi ehf. Birt með fyrirvara um ritvillur

HEIMATILBÚIN AUÐLINDABÖLVUN

Kjaramál snerta okkur öll og öll höfum við þurft að taka afstöðu um okkar kjör, hvort sem er með undirritun ráðningarsamnings í nýju starfi, greiðslu atkvæðis um kjarasamninga eða þegar sótt er um launahækkun eða betri kjör hjá atvinnurekendum. Verkefni stéttarfélaga í komandi framtíð er að verja áunnin réttindi sinna félagsmanna og tryggja að kjarasamningar fylgi þróun starfa og breyttum áherslum í samfélaginu. Stærsta verkefnið er þó án efa að tryggja jafna dreifingu lífsgæða og að félagsfólk njóti ávaxta vinnu sinnar til jafns við fyrirtækjaeigendur.

Kostnaðurinn er íþyngjandi fyrir heimilin

Á Íslandi eru stýrivextir 6,75% sem er 3,75% hærra en gerist hæst á hinum Norðurlöndunum, þrátt fyrir að verðbólga á Íslandi sé í lægri kantinum í samanburði. Þessir umframvextir sem íslenskur almenningur ber á herðum sér má að stærstum hluta rekja til kostnaðar við að halda uppi íslensku krónunni. Þegar síðasta stýrivaxtahækkun verður komin fram í vöxtum bankanna má reikna með að mánaðarlegar greiðslur af íbúðalánum hafi hækkað um rúmar 35.000,- kr. fyrir hverjar 10 milljónir sem lántaki skuldar. Samhliða hefur húsaleiga hækkað mikið síðustu tólf mánuði. Aukin húsnæðiskostnaður er íþyngjandi fyrir heimilin sem geta ekki borið þessa byrgði til lengri tíma.

Á sama tíma berast fréttir af himinháum arðgreiðslum fyrirtækja og ofurlaunum stjórnenda og forstjóra, mánaðarlaunum sem jafnvel eru margföld árslaun hins almenna launafólks. Engu að síður kemur seðlabankastjóri ítrekað fram í fjölmiðlum og kennir launahækkunum og óhófsemi verkalyðshreyfingarinnar um aukna verðbólgu. Það er í raun ótrúlegt þar sem fram hefur komið frá Seðlabankanum sjálfum að frá árinu 2000 hefur ekki verið hægt að greina tölfraðilegt samband milli launhækkana á íslenskum vinnumarkaði og hækkun verðlags.

Alltaf skal ganga á þá sem minnst hafa

Í haust töluðu fyrirtækjaeigendur og þingmenn fyrir hófsemi í kröfum stéttarfélagana fyrir kjaraviðræður. Krafa okkar á móti var að sömu aðilar myndu sýna hóf í álagningu á vöruverð, gjaldskrár, arðgreiðslur og launahækkanir stjórnenda. Það er skemmst frá því að segja að þvert á móti hafa þessir aðilar ekki sýnt af sér neinn vilja til að mæta okkur á miðri leið, alltaf skal ganga á þá sem minnst hafa.

Nú, eins og síðustu 30 ár, eyðir verðbólgan út öllum þeim krónum sem verkalyðshreyfingin semur um og ávinningur



af kjarasamningum er í besta falli rétt nægur til að halda í kaupmátt. Við þökumst því ekkert nær því markmiði að lágmarkslaun á Íslandi dugi til framfærslu.

Seljum ekki ríkisfyrirtæki fyrir skammtímagróða

Það er komin tími á breytingar! Launafólk nýtur ekki þeirra auðlinda sem landið býr yfir né heldur verðmætasköpunar sem verður til fyrir tilstilli vinnu þeirra. Við þurfum að gera kröfu á að þingmenn fari að vinna fyrir okkur öll í stað þess að maka bara krók 10% útvaldra með ákvörðunum sínum. Þessi 10% eiga 90% af öllum eignum á Íslandi og svo virðist sem ríkisstjórnin færi þeim þær á silfurfati, nú síðast Íslandsbanka!

Við erum föst í heimatilbúinni auðlindabölvun yfirvalda, en henni má snúa við! Íslendingar eiga að gera kröfu á að ríkisstjórnin selji ekki ríkisfyrirtæki fyrir skammtíma gróða, Landsbankinn ætti að vera samfélagsbanki, Landsvirkjun, Keflavíkurflugvöllur og auðlindir landsins í okkar eigu. Þannig fjármögnum við betra heilbrigðis- og skólakerfi og innviði landsins. Við ættum líka að hafa kjark til þess að skattleggja ferðamenn eins og önnur lönd, byggja upp ferðamannastaði sem sómi er af og gera ráð fyrir straumi ferðamanna í uppbyggingu innviða. Ég skora á ykkur öll að íhuga fyrir alvöru þá kosti sem íslenskur almenningur myndi njóta ef Ísland væri í Evrópusambandinu, með evru í stað íslensku krónunnar.

Líkt og styrkur og afl stéttarfélaga mótast af þátttöku og samstöðu félagsfólks, þá þrífst samfélagið okkar best þegar við vinnum að sameiginlegum markmiðum sem þjóna heildinni, ekki örfáum útvöldum.

Sjáumst í baráttunni!

Eiður Stefánsson, formaður FVSA.

FYLLIR TÍMA SINN MEÐ FÉLAGSSTÖRFUM

Anna María Elíasdóttir, fyrrum starfsmaður Samkaupa á Ólafsfirði, veitti blaðamanni viðtal í tilefni af því að hún lýkur nú stjórnarsetu hjá félaginu.

Anna María er Vestfirðingur, sveitastelpa að upplagi, fædd og alin upp í Álfafirði. „Ég ólst upp við kindur og kýr og bjó fyrstu sjö ár ævinnar í torfbæ þar sem hvorki var sturta né klósett inni í húsinu. Örugglega ein af fáum á mínum aldri“ segir hún kímín.

Hvernig kom það til að þú gafst kost á þér í trúnaðarráð? „Þetta kom í raun óvænt upp í hendurnar á mér. Úlla (Úlfhildur Rögnvaldsdóttir formaður FVSA árin 2005-2015) lagði mikla áherslu á að það væri fulltrúi utan með firði í stjórn hjá félaginu, hún hringdi í mig og spurði hvort ég vildi ekki sitja í trúnaðarráði, og ég sló til. Ég fór svo fljótlega inn í stjórn sem varamaður og síðar sem aðalmaður.“

Maður kynnist mörgum og lærir helling

Aðspurð hvað félagsstarfið hefur gefið henni segir Anna að fyrst og fremst hefur það verið félagsskapurinn. „Það er líka alveg nauðsynlegt að ef manni býðst það, að gefa kost á sér og mæta á starfsdaga og þing með félaginu. Maður kynnist svo mörgum og lærir helling t.d. söguna og áttar sig betur á því hvernig hreyfingin virkar. Gott dæmi er sameiginlegur vettvangur stéttarfélagana hér fyrir norðan, Alþýðusamband Norðurlands, sem aftur tengist svo orlofsbyggðinni á Illugastöðum. Ég hef líka tekið þátt í kvennaráðstefnum ASÍ tvisvar, farið á námskeið hjá SÍMEY og mætt á þing ASÍ.“

Er þetta reynsla sem þú tekur með þér inn í leik og störf svona persónulega? „Já ég fór snemma að vera fundarstjóri og svo lærir maður fundarsköp. Ég var með góðan grunn og hafði áður verið í bæjarpólitíkinni í einhver tíu, tólf ár. Þegar ég hætti þar árið 2002 bankaði verkalýðshreyfingin óvænt upp á næst“. Það er s.s. félagsleg taug í þér? „Já maður gerir þetta ekki öðruvísi en að hafa gaman að því að vera innan um fólk. Það að hafa verið í stjórn, bara alveg frá upphafi var skemmtilegt og hefur gefið mér helling.“



Þetta er s.s. eitthvað sem þú mælir með? „Algjörlega, ef að fólk er félagslega þenkjandi og hefur gaman að því að vera innan um fólk þá algjörlega.“ Finnst þér vanta að ungt fólk sinni félagsstörfum? „Já sjálfsgagt, en maður skilur það að yngra fólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið og kannski með ung börn, það hefur ekki svigrúm til að gefa af sér í félagsmál, nema þá kannski helst í gegnum íþróttafélögin og félagsstarf barnana. En strax þegar maður er komin undir miðjan aldur og farin að sjá út úr barnaupveldinu að þá er þetta frábær vettvangur.“

Fyllir tímann sinn áfram með félagsstörfum

Nú ertu að hætta að vinna og lýkur stjórnarsetu hjá félaginu, hvað tekur við, eitthvað tengt félagsmálum? „Heyrðu já, ég er nýgengin í soroptimistaklúbb og svo hef ég lengi verið í Slysavarnardeildinni á Ólafsfirði, einni af fáum kvenna-deildum sem eftir eru á landsbyggðinni.“ Þannig að þú fyllir tímann þinn áfram með félagsstörfum? „Já og svo er ég mjög ferðaglóð, þannig að ég held því áfram á meðan ég er við góða heilsu og er búin að skipuleggja gönguferð erlendis í vor. Ég hefði reyndar alveg verið til í að vinna lengur, en þetta er kannski komið gott. Á unglingsárunum vann ég í fiski, en hef síðan alltaf starfað í verslun eða á skrifstofu, lengst af hjá Sæberg/Ramma í tæp 30 ár, en það er ágætt að enda ferilinn í verslun.“ Segir Anna að lokum.



HVAÐ LIGGUR ÞÉR Á HJARTA?

Ertu með fyrirspurn eða ábendingu? Sendu okkur þá póst á netfangið fvs@fvs.is eða skilaboð í gegnum facebook síðuna okkar: facebook.com/fvastettarfelag

VERÐLAUNAKROSSGÁTA

				Fellur	↓	8	Reitir 1-23		1	2	3	4
				Píla	→		Málsháttur					
							Planta	Osodinn	↓	Þýtt		5
							Part		Heidurs- merki			
				Stórt tap					3		6	
				Rimill			10				7	
Fram- leiðslu- vara					2		Mó- lendis	8				
BB	↓	Bleking Méd- Göngu	Tranar	Tvennd Gladd- ist	↓	4	Botn- fall		Vard- andi		9	
Salur				9					Næði		10	
Glaðar											11	
Bilun											12	
Þræði											13	
Hélt á											14	
→			Til		16	Ill- mælum	↓	Drykkur	↓	Tunnung	↓	
			Beltið					Blunda		Veru	→	
Rauður Lok	12									Stóli		
Andinn											15	
Megni											16	
→											17	
Skap- ferli											18	
Höfuð Planta		kven- fugl		Beita Flokka							19	
→	13			Smeygi							20	
											21	
											22	
											23	
											23	

Reitir 1-23 mynda málshátt. Sendið lausn gátunnar, ásamt nafni og símanúmeri á netfangið fvsa@fvsa.is eða með pósti til FVSA, Skipagötu 14, 600 Akureyri, merkt „Krossgáta“. Skilafrestur er til og með 31. mars nk. Dregið verður úr réttum lausnum og hljóta tveir heppnir þátttakendur helgardvöl að vetri til í einu af orlofshúsum félagsins. Höfundur krossgátunnar er Bragi V. Bergmann.

SPURT OG SVARÐ UM LÍFEYRISMÁL

Félagið hefur í gegnum tíðina haldið starfslokanám-skeið fyrir sína félagsmenn við góðan orðstír. Við báðum Jónu Finndísi Jónsdóttur, forstöðumann réttindasviðs hjá Stapa lífeyrissjóði, sem hefur verið meðal fyrirlesara á námskeiðinu, að svara nokkrum almennum spurningum varðandi lífeyrisséttindi.

1. Hvert getur fólk leitað til að fá upplýsingar um lífeyrisrétt sinn? Á launaseðlum er skráð í hvaða lífeyrissjóð er greitt og gott að byrja upplýsingaöflunina með því að fara á vefsíðu þess sjóðs sem um ræðir. Lífeyrissjóðirnir eru almennt með sjóðfélagavefi þar sem hægt er að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum og fá yfirlit yfir lífeyrisréttindi. Einnig má hafa samband beint við sjóðina til að fá upplýsingar, heimsækja skrifstofu þeirra eða hafa samband með tölvupósti eða í síma.

2. Margir launþegar greiða í fleiri en einn lífeyrissjóð um ævina. Er einhvers staðar hægt að fá yfirlit um réttindi úr öllum sjóðum? Í Lífeyrisgáttinni, sem er aðgengileg í gegnum sjóðfélagavefi lífeyrissjóðanna, eru teknar saman upplýsingar um réttindi hjá öllum samtryggingarsjóðum sem sjóðfélagi hefur greitt til um starfsævina. Því miður er ekki til sambærilegur gagnagrunnur varðandi réttindi í séreign en það stendur vonandi til bóta í náinni framtíð.

3. Er ykkar reynsla að fólk viti að hverju það gengur þegar kemur að réttindum í lífeyrissjóðum, eða er eitthvað sem kemur því á óvart? Almennt vita sjóðfélagar að þeir eiga rétt til eftirlauna úr þeim lífeyrissjóðum sem þeir hafa greitt til en gera sér ekki grein fyrir því að þeir hafa val um hvenær taka eftirlauna hefst. Hjá Stapa lífeyrissjóði er t.d. hægt að fara á eftirlaun hvenær sem er á aldrinum 60-80 ára. Eins þekkja margir ekki annan rétt sem ávinnst, s.s. endurhæfingar- og örorkulífeyri, maka- og barnalífeyri.

4. Hvenær á æviskeiðinu er fólk helst að kynna sér lífeyrisréttindi sín? Ætti það að gera það fyrir og ef já, með hvaða hætti? Margir huga ekki að eftirlaunum fyrir en þeir nálgast starfslok og reikna oft með hærri mánaðarlegum greiðslum en raun ber vitni en fjárhæðin veltur á því sem greitt hefur verið til sjóðsins yfir starfsævina. Því væri oft gott ef sjóðfélagar væru meðvitaðri um áætluð eftirlaun fyrir á starfsævinni. Reiknivélur sjóðanna gefa vísbendingu um hver eftirlaunin kunna að verða í framtíðinni og hver og einn þarf að meta hvort þau eru nægjanleg eða hvort þurfi að huga að viðbótarsparnaði.



5. Eru einhverjir valkostir sem fólk ætti að hafa í huga í sambandi við lífeyrismál? Við hvetjum fólk til að rýna kosti þess að leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað sem er sú tegund séreignarsparnaðar sem skyldar launagreiðendur til að greiða 2% ef launþegi leggur fyrir 2-4%. Einnig hvetjum við fólk til að kynna sér valmöguleika um tilgreinda séreign, þ.e. að vísa allt að 3,5% af skylduigjaldi í séreign. Tilgreinda séreign ásamt hefðbundnum séreignarsparnaði má nýta skattfrjálst sem stuðning til fyrstu kaupa á íbúð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

6. Að lokum, áttu einhver almenn góð ráð? Réttindi sjóðfélaga byggjast alfarið á þeim greiðslum sem skila sér til sjóðsins. Lífeyrissjóðir senda út yfirlit tvisvar á ári og mikilvægt er að bera upplýsingar á þeim saman við launaseðla. Einnig er hægt að fara á vef sjóðfélaga og fylgjast með iðgjaldagreiðslum þar. Mjög mikilvægt er að láta lífeyrissjóðinn vita ef svo virðist sem launagreiðandi sé ekki að skila réttum upplýsingum um iðgjöld, því annars geta réttindi tapast, lífeyrissjóðurinn getur ekki innheimt iðgjöld sem hann veit ekki af.

Við þökkum Jónu Finndísi fyrir svörin og vonum að lesendur hafi gagn af upplýsingunum.

Þú finnur gagnlegar upplýsingar um lífeyrismál inni á

www.lifeyrismal.is
www.island.is

TRÚNAÐARMAÐURINN

Gestur Gunnar Björnsson er trúnaðarmaður hjá N1, hann segir kjarabaráttuna vera í fjölskyldunni og að ungri fólk eigi að kynna sér kjaramál og taka þátt í hreyfingunni.

Gestur segist hafa haft áhuga á trúnaðarmannastörfum lengi áður en hann gaf kost á sér. „Þetta er í fjölskyldunni, bróðir minn, tengdamamma og konan mín eru í þessu, já og þrjár frænkur. Forveri minn hafði ekki sýnt hlutverkinu mikinn áhuga og mig langaði að sjá hvort ég gæti ekki gert þetta vel, gaf kost á mér og sé ekki eftir því.“ segir Gestur.

Mælir með hlutverki trúnaðarmanns

Eru kjaramál mikið rædd heima? Gestur jánkur því „sérstaklega núna þegar er verið að endurnýja kjarasamningana. Ég var á síðasta þingi ASÍ og það var ákveðin upplifun. Að sjá allt þetta fólk sem er að berjast fyrir kjörum okkar, þegar maður sér hvað fer fram á svona þingum þá skilur maður umræðuna miklu betur. Það er líka aðdúnaðarvert að horfa á fólk, sem er farið að nálgast eftirlaunaaldur, að berjast fyrir réttindum þeirra sem yngri eru svo næstu kynslóðir geti haft það betra. Auðvitað ætti ungri fólk að fylgjast betur með og ég vona að við náum að koma yngri fólki inn í hreyfinguna svo að þetta gangi áfram.“

Mælir þú s.s. með hlutverki trúnaðarmanns? „Alveg hiklaust, námskeiðin sem ég er búin að fara á, það ætti í raun að kenna þau í framhaldsskólum, því maður lærir svo mikið og margt sem ég vissi ekki um mín réttindi. Það er svo margt



sem hefði gagnast mér vel þegar ég var milli tvítugs og þrítugs sem ég lærði á námskeiðunum.“

Kjarabaráttan skiptir okkur öll máli

Svona að lokum, ertu með einhverjar ráðleggingar sem trúnaðarmaður? „Fólk hefur kannski ekki gaman af að fylgjast með fréttum, en kjarabaráttan skiptir okkur öll máli, það er verið að berjast fyrir laununum okkar og réttindum. Ef ég ætti að ráðleggja fólki eitthvað þá er það að koma sér inn í baráttuna, kynna sér réttindi sín. Ef það er ekki trúnaðarmaður á vinnustaðnum þá skaltu gefa kost á þér, ræddu við yfirmann þinn og stéttarfélagið, komdu þér á framfæri, það verður stutt við þig alla leið! Blaðamaður gæti ekki hafa orðað þetta betur og þakkar Gestu fyrir.

LEIKHÚSBOD

Þann 25. mars býður FVSA lífeyrisþegum félagsins á leiksýninguna Stelpuhelgi í uppsetningu Leikfélags Hörgdæla að Melum með kaffisamsæti á undan.

Stelpuhelgi er stórskemmtilegur farski þar sem vinkonurnar Meg, Carol og Dot ásamt Ellie dóttur Meg hittast í bústað eina helgi til að brjóta upp hversdagsleikann. Öll plön fara út um gluggann þegar gengur á áfengið og vinkonurnar eru búnar að bjóða hver sínum karlmanninum til sín í bústaðinn.

Um takmarkað sætaframboð er að ræða, því þurfa félagsmenn að skrá sig með því að hringja í síma 455-1050 eða senda póst á fvsa@fvsa.is. Hámark tveir miðar á hvern félagsmann. Farið verður með rútu frá Alþýðuhúsinu kl. 14:30, mæting kl. 14:15.



FÉLAGSMENN Á FÖRNUM VEGI

Blaðamaður tók tal af nokkrum félagsmönnum og kannaði áhuga þeirra og þekkingu á kjaramálum ásamt viðhorfi þeirra til síðustu kjarasamninga. Við kunnum þeim bestu þakkið fyrir að gefa sér tíma til að svara spurningunum.

Auður Ýr Viðarsdóttir

Nettó Hrísalundi

Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Já, ég hef kynnt mér styrkina og veit að stéttarfélagið getur aðstoðað ef maður þarf hjálp við að skilja launaseðilinn eða lendir í vandræðum gagnvart vinnuveitanda.



Eru kjaramál rædd í þínum vínahóp eða innan fjölskyldunnar?

Já, ég hef rætt þetta við kærastann minn, af því að hann er í öðru stéttarfélagi, við höfum aðallega borið saman styrkina og ég tók eftir að það eru sambærilegir styrkir. Þetta var líka mikið rætt á mínum fyrri vinnustað þar sem við fengum á endanum hjálp frá stéttarfélaginu til að laga okkar kjör. Ég hef verið dugleg að reyna að fylgjast með launaseðlinum eftir það.

Hvað finnst þér um niðurstöðu síðustu kjarasamninga?

Það voru náttúrulega hærri laun, sem var nauðsynlegt af því að það er allt að hækka, en ég hef verið í breytilegu starfshlutfalli þannig að það hefur verið erfitt að átta sig á muninum.

Gísli Þráinn Þorsteinsson

Elko

Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Það passar að allt sé rétt launalega séð og er með styrki sem ég get sótt um.



Eru kjaramál rædd í þínum vínahóp eða innan fjölskyldunnar?

Já, það kemur fyrir, fylgjumst með því sem er í gangi, öllum breytingum og svona.

Hvað finnst þér um niðurstöðu síðustu kjarasamninga?

Það var allt í lagi að fá hækkun, þetta var sáralítið svo sem, hefði viljað sjá aðeins meira.

Kristófer Jónsson

Höldur

Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Ég hef alveg verið duglegur að skoða í gegnum tíðina, styrkina, orlofshús og gjafabréf í flug og verið duglegur að nýta mér það. Já, svo er líka háskólastyrkurinn.



Eru kjaramál rædd í þínum vínahóp eða innan fjölskyldunnar?

Ekki djúpt, kannski mest í tengslum við þegar einhver er að byrja í nýrri vinnu.

Hvað finnst þér um niðurstöðu síðustu kjarasamninga?

Ég þekki þá ekki mikið, en ég er temmilega sáttur við mitt, alltaf gott að fá hækkun.

Agnieszka Maria Jastrzabek

Lyf og heilsa

Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Já, ég hef haft áhuga á því og hef t.d. sótt um styrki. Veit líka að ég get kíkt til ykkar ef það þarf að fara yfir launaseðilinn.



Eru kjaramál rædd í þínum vínahóp eða innan fjölskyldunnar?

Já, því maðurinn minn hefur líka áhuga á þessu. Við höfum talað um að hækkanimar breyta mögulega ekki miklu vegna verðbólgunnar, ef laun hækka þá hækkar líka kostnaður fyrirtækjanna og við vitum ekki alveg hvort að niðurstaðan sé árangursrík.

Hvað finnst þér um niðurstöðu síðustu kjarasamninga?

Það kom náttúrulega betri launatala, sem er jákvætt, en ef maður fer í búð að versla þá finnur maður maður að þetta breytir ekki miklu.

**Sandra Kristín Jóhannes-
dóttir** - 66° Norður

**Veist þú hvað stéttarfélagið
þitt getur gert fyrir þig?**

Já, ég get leitað til félagsins vegna námskostnaðar og til að fá aðstoð við kjaramál, ég fékk t.d. styrk þegar ég sótti nám með vinnu. Eins hjálpar félagið við kostnað við líkamsrækt og sjúkraþjálfun sem ég tel að skipti miklu máli.

**Eru kjaramál rædd í þínum vinahóp eða innan
fjölskyldunnar?**

Já það er heitt umræðuefni hvað allt er búið að hækka, matarinnkaup og annað sem tilheyrir heimilisrekstri.

Hvað finnst þér um niðurstöðu síðustu kjarasamninga?

Alltaf jákvætt að fá hækkun, en það kom frekar fljótt út á núlli, matarverð og lánaafborganir hækkuðu.



Konráð Jónas Óskarsson
Penninn

**Veist þú hvað stéttarfélagið
þitt getur gert fyrir þig?**

Já, ég er búinn að kynna mér flest allt held ég og hef nýtt mér styrki, orlofshúsin og íbúðirnar fyrir sunnan.



**Eru kjaramál rædd í þínum vinahóp eða innan
fjölskyldunnar?**

Það kemur fyrir að þetta sér rætt heima, sérstaklega þar sem að konan mín er í öðru stéttarfélagi, þá ræðum við stundum muninn á milli félaganna.

Hvað finnst þér um niðurstöðu síðustu kjarasamninga?

Mér finnst hún mjög góð og held að flest allir hafi verið ágætlega sáttir.

KURTEISI KOSTAR EKKI NEITT!



TAKTU HANA MEÐ Í NÆSTU VERSLUNARFERÐ

HÆKKUN STYRKJA ÚR SJÚKRASJÓÐ

Um áramót tók stjórn Sjúkrasjóðs FVSA ákvörðun um að hækka upphæðir styrkja úr sjóðnum til félagsmanna.

Hlutverk Sjúkrasjóðs er að veita sjóðsfélögum fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa og dánartilvikum. Ennfremur að stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar, t.d. með því að niðurgreiða að hluta kostnað við líkamsrækt, sjúkrabjálfun, sálfræðiþjónustu o.fl.

Réttur félagsmanna endurnýjast um hver áramót, allar nánari upplýsingar um sjóðinn má finna inni á vef félagsins www.fvsa.is undir Sjóðir og styrkir.

HVERNIG SÆKI ÉG UM?

Til að sækja um styrk vegna heilsuefningar s.s. fyrir líkamsrækt, sjúkrabjálfun, sálfræðiþjónustu eða heyrnatækjum getur þú annaðhvort:

- Komið með kvittun fyrir þjónustunni ásamt staðfestingu á greiðslu á skrifstofu félagsins eða;
- Tekið mynd eða skannað inn kvittun fyrir þjónustunni ásamt staðfestingu á greiðslu og sent á netfang félagsins fvsa@fvsa.is

Heyrðu í okkur ef þú hefur einhverjar spurningar!

Yfirlit yfir styrki úr Sjúkrasjóð 2023	Hlutfall af reikningi	Þrep 1*	Þrep 2*
Sjúkrabjálfun	75%	50.000,- kr.	30.000,- kr.
Krabbameinsleit	85%	11.000,- kr.	5.000,- kr.
Líkamsrækt	50%	32.000,- kr.	20.000,- kr.
Sálfræðiþjónusta	50%	37.000,- kr.	15.000,- kr.
Sjúkranudd/hnykk	35%	26.000,- kr.	10.000,- kr.
Nudd (dekur)	35%	16.000,- kr.	5.000,- kr.
Heyrnartæki**	35%	70.000,- kr.	12.000,- kr.
Sjónglæraugu og linsur**	35%	60.000,- kr.	12.000,- kr.
Glása-/tæknifrjóvgun	50%	70.000,- kr.	33.000,- kr.
Laseraðgerð eða augasteinsskipti**	35%	70.000,- kr.	33.000,- kr.
Hámark heildarupphæðar styrkja á hverju almanaksári		120.000,- kr.	40.000,- kr.

* Á þrepi eitt eru þeir félagsmenn sem hafa meðallaun sem eru jafnhá eða hærri en byrjunarlaun afgreiðslufólks í 100% starfi yfir 12 mánaða tímabil. Á þrepi tvö eru þeir félagsmenn sem greitt hafa að lágmarki 8.400,- kr. upp að lágmarki réttinda á þrepi 1 á síðastliðnum 12 mánuðum.

**Á þriggja ára fresti

MUNDU EFTIR STARFSMENNTASJÓÐNUM!

Þú getur sótt um styrk fyrir námi eða tómstund og fengið allt að 90% af kostnaði endurgreiddan

Kynntu þér málið inni á www.fvsa.is



AÐALFUNDUR FVSA

Aðalfundur Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni var haldinn í Alþýðuhúsinu 27. febrúar. Fundarstjóri var Stefanía Árdís Árnadóttir. Eiður Stefánsson, formaður, kynnti árskýrslu stjórnar og fór yfir liðið starfsár. Í máli hans kom fram hve ánægjulegt það er að félagsstarfið sé komið í réttan takt eftir covid og þakkaði hann félagsmönnum og þeim sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið fyrir vel unnin störf. Þá fór hann yfir niðurstöður Gallup könnunar sem gerð var meðal félagsmanna á síðasta ári. Þar stóð upp úr hve marktæk og jákvæð breyting er með ánægju félagsmanna með þjónustu FVSA, en 84% segjast ánægðir.

Auk hefðbundina aðalfundarstarfa var gerð lagabreyting með samhljóma samþykki fundarins í Sjúkrasjóð. Kynning á breytingunni var í höndum Agnesar Reykdal, varamanns í stjórn. Með breytingunni aukast dánarbætur virkra og greiðandi félagsmanna þannig að ef hin látni lætur eftir sig barn (kjör- eða fósturbarn) yngra en 18 ára greiðast vegna hvers barns 800.000,- kr. m.v. 100% starfshlutfall til þess sem sannarlega hefur barnið á sínu framfæri. Er þetta viðbót við þær dánarbætur sem sjóðfélagi á rétt á nú þegar.



Við afhendingu þakklætisvotta. Frá vinstri: Claudia Lobindzus, Erla Bjarnadóttir, María Ingunn Tryggvadóttir, Erla Bjarnadóttir, Anna María Elíasdóttir, Hallveig Stefánsdóttir og Eiður Stefánsson.

Í dagskrárlok kallaði formaður félagsins upp þær Önnu Maríu Elíasdóttur, Hallveigu Stefánsdóttur, Maríu Ingunni Tryggvadóttur, Erlu Bjarnadóttur og Þórdísi Bjarnadóttur, en allar eiga þær það sameiginlegt að hafa sinnt trúnaðarstörfum fyrir félagið í meira en 10 ár og láta nú af hlutverkum sínum. Félagið þakkar þeim fyrir vel unnin störf.

ORLOFSMIÐAR OFL.

Á skrifstofu félagsins geta félagsmenn keypt niðurgreidda gistimiða hjá Íslandshótelum og inneignarbréf hjá Icelandair og Niceair, svokallaða orlofsmiða.

- Hver félagsmaður getur að hámarki keypt samtals fjóra orlofsmiða á hverju almanaksári
- Tveir orlofspunktur dragast af félagsmanni við kaup á hverjum orlofsmiða
- Sala orlofsmiða fer fram á skrifstofu FVSA

Félagsmenn eiga einnig kost á því að kaupa Veiðikortið og Útilegukortið á skrifstofu félagsins.



Veiðikortið

Félagsmenn geta keypt Veiðikortið á skrifstofu félagsins á 7.100,- kr. og gildir það á 36 stöðum á landinu. Sjá nánar inni á www.veidikortid.is.



Inneignarbréf hjá Niceair

Félagsmenn geta keypt inneignarbréf hjá Niceair að upphæð 32.000,- kr. en greiða einungis 22.000,- kr. fyrir.



Gistimiðar fyrir Íslandshótel

Hver gistimiði kostar 11.900,- kr. og gildir fyrir gistingu fyrir tvo ásamt morgunverð á þriggja stjörnu hótélum frá október til apríl. Aukagjald greiðist fyrir uppfærslu á fjögurra stjörnu hótél og aðrar bókonarvertíðir.



Inneignarbréf hjá Icelandair

Félagsmenn geta keypt inneignarbréf hjá Icelandair að upphæð 10.000,- kr., en greiða einungis 6.000,- kr. fyrir.



Útilegukortið

Félagsmenn geta keypt Útilegukortið á skrifstofu félagsins á 23.900,- kr. og gildir það á 34 tjaldsvæðum. Sjá nánar inni á www.utilegukortid.is

ÉG FER Í FRÍÐ

Umsóknarfrestur um orlofshús fyrir sumarleigu 2023 er til 27. mars nk. Sótt er um á félagavefnum. Sumarleigutímabilið er frá 2. júní til 18. ágúst 2023, en umsækjendur fá svar með tölvupósti um úthlutunina um mánaðamótin mars/apríl. Þeir sem fá úthlutað þurfa að greiða fyrir leiguna í síðasta lagi 12. apríl 2023. Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur sumarið 2023 og vetrarleigu 2023 til maíloka 2024 á félagavefnum þann 18. apríl kl. 12:00.

Vika að eigin vali

Félagsmenn sem sjá sér ekki fært að nýta orlofshús félagsins geta sótt um svokallaðan orlofsstyrk eða Viku að eigin vali. Styrknum er ætlað að mæta kostnaði félagsmanns við gistingu- og/eða ferðakostnað (flug-, ferju-, rútu- eða lestar-kostnað). Upphæð styrksins er 27.000,- kr. Orlofsstyrkjum er úthlutað samhliða orlofshúsum, sótt er um í gegnum félagavefinn og er umsóknarfrestur til 27. mars.

Gæludýr

Almennt er stranglega bannað að hafa gæludýr í orlofshúsum félagsins, ein undantekning er þar á, en gæludýr eru leyfð í Gráhrauni á Húsafelli.

GÓÐIR PUNKTAR

- Sótt er um orlofshús og Viku að eigin vali á félagavefnum. Innskráningar-hnappur fyrir félagavefinn er efst til hægri inni á vef félagsins www.fvsa.is
- Við minnum félagsmenn á að skrá netfang sitt inni á félagavefnum undir Stillingar > Notendaupplýsingar
- Niðurstaða sumarúthlutunar er send á skráð netfang félagsmanns
- Allar nánari upplýsingar um orlofshúsin eru inni á www.fvsa.is undir **Orlofsmál**
- Félagsmenn geta óskað eftir aðstoð við bókanir með því að hafa samband í síma 455-1050 eða með því að senda póst á fvsa@fvsa.is
- Orlofshús félagsins eru reyklaus

SKÓGARSEL

VAGLASKÓGUR - FNJÓSKADAL

Glæsilegt 153m² sumarhús á skemmtilegum stað við bakka Fnjóskár í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi með gistiþláss fyrir 11 manns, rúmgóð setustofa, sjónvarpshol, fullbúið eldhús með samliggjandi borðstofu, þvottaherbergi og tvö baðherbergi með sturtu, þar af er annað með aðgengi út á verönd þar sem er heitur pottur.

Öll helstu heimilistæki eru í húsinu, ásamt þvottavél, þurrkara og uppþvottavél. Umhverfis húsið er stór afgirtur garður með barnaleiktækjum.

Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna þaðan sem tilvalið er að fara í dagsferðir, t.d. á Húsavík, í Mývatnssveit eða um Vaglaskóg. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.



Verð: 57.000 kr. vikan.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16:00 á miðvikudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir á skrifstofu FVSA.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 7. júní til 16. ágúst.

ÍBÚÐIR Í MÁNATÚNI REYKJAVÍK

Félagið á 6 íbúðir í Mánatúni í Reykjavík. Íbúðirnar eru í alla staði mjög vandaðar og glæsilegar með rúmgóðri stofu, vel útbúið eldhús með uppþvottavél, baðherbergi með sturtu og þvottahús með þvottavél og þurrkara.

Tvær tveggja herbergja íbúðir - 31.000 kr. vikan

Eitt svefnherbergi er í íbúðunum með gístaðstöðu fyrir tvo. Í annarri íbúðinni er auk þess tvíbreitt veggrúm í stofu.

Þrjár þriggja herbergja íbúðir - 36.000 kr. vikan

Tvö svefnherbergi eru í íbúðunum með gístaðstöðu fyrir alls sjö manns, auk barnarúms og barnastóls.

Fjögurra herbergja íbúð - 41.000 kr. vikan

Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni með gístaðstöðu fyrir 10 manns, auk barnarúms og barnastóls.

Athugið: Ekki er hægt að leigja lín. Taka þarf með sér lín á rúm og handklæði. Gasgrill fylgja ekki íbúðunum. Nettenging er í öllum íbúðunum.



Skiptidagar: Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn yfir sumar-tímann, skiptidagar eru á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 17:00 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 13:00 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir á skrifstofu FVSA.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 7. júní til 16. ágúst.

GRÁHRAUN 3 HÚSAFELLI - VESTURLAND

Gráhraun stendur í nýju hverfi í Húsafellsskógi. Um er að ræða nýbyggt vistvænt 88m² sumarhús, auk 20m² gestahúss, með frábæru útsýni og gistiplássi alls fyrir 7 manns.

Komið er inn í anddyri undir skyggni, þaðan er gengið inn til hægri í opið eldhús og stofu með mikilli lofthæð og stórum björtum gluggum með stórbrotnu útsýni. Svefnálma er til vinstri með tveimur svefnherbergjum, sjónvarpsherbergi með svefnsófa og glæsilegu baðherbergi með útgengi á stóra verönd með heitum potti. Við veröndina stendur gestahús með salerni og sturtu, fullkomið afdrep fyrir afa og ömmur, vinafólk eða unglingana.

Leyfilegt er að hafa gæludýr í Gráhrauni og hvetjum við gesti til þess að kynna sér skilmála inni á vef félagsins. Hverfið er í Húsafellsskógi og tengt við núverandi Húsafellsbyggð með stígum þar sem sækja má tilheyrandi þjónustu og afþreyingu umhverfis Húsafell.



Verð: 46.000 kr. vikan.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16:00 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: Eru í lyklaboxi við útidyr og skal skilað þangað við brottför.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 2. júní til 18. ágúst.

ILLUGASTAÐIR - HÚS NR. 2 OG 19 FNJÓSKADAL

Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur á Norðurlandi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar í dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Félagið er með tvö hús í sumarhúsabyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal yfir sumartímann. Við húsin er heitur pottur og gasgrill. Sængur, koddar og tuskur fylgja húsunum en taka þarf með sér lín eða leigja það hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verslun. Þráðlaust net er í húsunum og myndlykill frá Vodafone.

Hús nr. 19 - 34.500 kr. vikan. Húsið er á tveimur hæðum með svefnrými fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu og rúmi í borðstofu. Á efri hæðinni er stofa, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Á neðri hæðinni er vel búið eldhús og borðstofa, gufubað og baðherbergi með sturtu.

Hús nr. 2 - 30.500 kr. vikan. Í þessu húsi er svefnrými fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu.



Leigutímabil: Sumarleiga frá 2. júní til 18. ágúst.

Skiptidagar: Húsin leigjast eina viku í senn. Leigutakar mega koma frá kl. 16:00 á föstudögum. Dvalargestir þurfa að afhenda húsin eigi síðar en kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lyklaboxi við útidyr og skal skilað þangað við brottför.

MIÐHÚSASKÓGUR BLÁSKÓGABYGGÐ - SUÐURLAND

Sumarhúsið er í Miðhúsaskógi, Bláskógabyggð, og er í um 17 km fjarlægð frá Laugarvatni, þar sem hægt er að sækja alla almenna þjónustu, m.a. sundlaug og matvöruverslun. Húsið er 55m² með þremur svefnherbergjum og gistiþlássi fyrir sjö manns. Í húsinu er setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Heitur pottur er við húsið.

Margt er við að vera og skemmtileg afþreying í nánasta umhverfi byggðarinnar, t.a.m. úrval gönguleiða, minigolf, ærslabelgur, frísbí-golf, aparóla, boltavellir o.fl. Sandkassi er við hvert hús og leiktæki í hverjum botnlanga.

Húsinu fylgja hefðbundin eldhúsahöld, borðbúnaður, grill og uppþvottavél. Leigjendur verða að hafa með sér lín, handklæði, diskapurrkur og þvottaefni í uppþvottavél.

Verð: 42.000 kr. vikan.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 2. júní til 18. ágúst.



Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma frá kl. 17:00 á föstudögum. Dvalargestir þurfa að afhenda húsið eigi síðar en kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lyklaboxi við útidyr og skal skilað þangað við brottför.

FLÓKALUNDUR Í VATNSFIRÐI

BARÐASTRÖND - VESTFJÖRÐUM

Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar t.d. dagsferðir, gönguferðir, fjöruferðir og margt fleira. Staðurinn nýtur mikilla vinsælda meðal félagsmanna.

Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með gistiþlássi fyrir sex manns, ásamt setu- og borðstofu með eldhúskrók sem geymir öll helstu eldhústæki og baðherbergi með sturtu. Sjónvarp er í húsinu og gasgrill. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti sem er einungis til afnota fyrir gesti sem dvelja í orlofshúsabyggðinni.

Verð: 34.000 kr. vikan.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 9. júní til 11. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma eftir kl. 16:00 á föstudögum og brottför er í síðasta lagi kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: Eru í lyklaboxi við útidyr og skal skilað þangað við brottför.



EINARSSTAÐIR Á HÉRAÐI

AUSTURLAND

Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja. Staðurinn nýtur mikilla vinsælda meðal félagsmanna. Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði. Leikvöllir eru á svæðinu fyrir börn. Mini-golf er á svæðinu, tvær golfkylfur og kúlur fylgja hverju húsi. Á Egilsstöðum er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matvöruverslanir, matsölustaði, apótek, flugsamgöngur, tækjasal, sundlaug með rennibraut, heitum pottum og fleiru.

Húsið er númer 7 og er nýlega uppgert 45 m² hús. Í því eru tvö svefnherbergi og er svefnaðstaða fyrir fimm manns. Í öðru herberginu er tvíbreitt rúm og rúm yfir, en í hinu tvíbreitt rúm. Setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Húsinu fylgja hefðbundin eldhúsáhöld, borðbúnaður og grill. Barnarúm, stólar og aukadýnur fást hjá umsjónarmanni.



Verð: 42.000 kr. vikan.


Leigutímabil: Sumarleiga frá 2. júní til 18. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma milli kl. 16:00 og 19:00 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma þau í síðasta lagi kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: Eru í lyklaboxi við útidyr og skal skilað þangað við brottför.

TÍMI ER VERÐMÆTI!

SKOÐAR ÞÚ LAUNASEÐILINN ÞINN?



HVAÐ ER HVAÐ?

Þekkir þú muninn á dagvinnu og eftirvinnu?


Hvað er desemberuppbót?

Færð þú orlofið þitt greitt út eða færðu launað orlof?



TÍMINN ÞINN!

Skráðu niður vinnutímana þína, þannig getur þú farið yfir launaseðilinn þinn um hver mánaðamót.



REIKNADU!

Með því að fara reglulega yfir launaseðilinn áttu auðveldara með að koma auga á ef eitthvað vantar upp á. Það borgar sig að fylgjast vel með!

Þú finnur allar helstu upplýsingar um kjarasamninga og launataxta inni á

www.fvsa.is